

Þann 20.12.2022 var kallað var eftir umsögnum frá:

- Hverfisráði Öfundarfjarðar
- Hverfisráði Súgandafjörður
- Hverfisráði Dýrafjarðar
- Hverfisráð Fjörður
- Hverfisráð Hnífsdals
- Einnig var fengið umsögn frá núverandi verktaka

Þann 20.12.2022 var einnig sendur póstur á sviðstjóra Ísafjarðarbæjar sem fengu tækifæri til að skila inn umsögnum frá sínum sviðum/stofnunum/málaflokkum.

Þrjár umsagnir hafa borist og eru þær frá.

Hverfisráði Öfundarfjarðar

Umsögn

„Hverfaráð Öfundarfjarðar vill koma því á framfæri að ferðir strætó til Flateyrar duga ekki til í núverandi mynd. Óskað er eftir því að ferðir kl 13 frá Flateyri til Ísafjarðar séu alla virka daga til að efla möguleika barna og ungmenna á íþróttaiðkun og tómsundar. Einnig má reikna fastlega með að þær ferðir nýtist öllum íbúum.“

Skóla- og tómsundarsvið

Umsögn

„Hér eru atriði sem skóla- og tómsundarsviðs vill koma á framfæri vegna útboðs á skólaakstri í sveitarfélaginu. Í fyrsta lagi tel ég ástæðu til að skoða að fækka stoppistöðvum skólabilsins t.d. við Jónsgarð og Krókinn/Fjarðarstræti. Eftir að þessar stöðvar voru settar upp hafa fullfrískir nemendur búsettir t.d. í Eyrargötu og Hlíðarvegi verið að nota skólabílinn. Viðsvegar um landið hafa sveitarfélög sett sér það viðmið að börn sem búa í 1500 m fjarlægð eða minna eigi ekki rétt á skólaakstri. Í Ísafjarðarbæ hefur ekki verið sett slíkt viðmið en bæjarráð og fræðslunefnd hafa lagt til að viðmiðið verði 1200 m. Ég legg til að skólabílinn fari fyrst inn í Holtahverfi þegar ekið er úr skólanum. Það gæti dregið úr því að nemendur sem geta gengið heim úr skólanum noti skólabílinn. Skv. upplýsingum frá ritara GÍ búa nú um 90 nemendur inn í Holtahverfi, Tunguhverfi, Seljalandi og Múlalandi. Það gefur því augaleið að 55 sæta skólabíll dugar tæplega. Skv. verktaka er skólabíllinn orðinn fullur við Brúarnesti á morgnanna, á leið í skólann. Mögulega eru margir sem ekki nota skólabílinn á morgnanna þar sem bíllinn er oftast fullur. Að skóla loknum er skólabíllinn oft fullnýttur og eru nokkur dæmi um að börn úr Holtahverfi hafi ekki fengið sæti í bílnum“

Grunnskóli Ísafjarðar

1.– 7.bekkur er búinn kl.13.50, 8 – 10.bekkur er búinn að jafnaði kl.14.30. Það er okkar ósk að skólaakstur geti farið kl. 13.55 og svo annar kl.14.35 frá skóla til Hnífsdals og Holtahverfi. Erum sáttt við leiðarkerfið. Nemendum hefur fjölgað undanfarin ár og þarf að taka mið af því. 200 nemendur þurfa skólaakstur kl.13.55. Við förum fram á að allir nemendur hafi sæti og sætisbelti. Okkur finnst vanta öruggari biðstöð þar sem í dag verður skólabíllinn að stoppa á Norðurvegi sjálfum þar sem er mikil umferð er á morgnana og hætta getur skapast fyrir nemendur. Kostnaður við skólaakstur er stór hluti af kostnaði skólans og fyrir utan venjubundinn skólaakstur þá greiðum einnig fyrir aukaferðir t.d. vegna félagsstarfs. Það er okkar ósk að samningurinn myndi innihalda t.d. 6 „skutl“ þá er kostnaðurinn fyrirsjáanlegri fyrirfram.

Umsögn Verktaka

- *Tímatöflur þarf að uppfæra miðað við breyttan hámarkshraða innbæjar,*
- *Tímatöflur milli kjarna og knappar, sérstaklega á vetrartíma.*
- *Moksturstími Vegagerðarinn og almennings samgöngna ganga ekki upp.*
- *Suðureyrarferðin kl: 06:30 er of snemma. Mætti vera klst síðar. Var upphaflega sett vegna Íslandssögu og Klofnings en eiga ekki við í dag.*